

## Skipulag

Fundarboðandi:	Þóra Jónasdóttir	Fundarstaður:	Teams
Fundarstjóri:	Þóra Jónasdóttir	Dagsetning:	15. nóvember 2024
Fundarritari:	Þórður Heimir Sveinsson	Fundartími:	10:00 - 11:00

**Pátttakendur:** Þóra Jónasdóttir (Yfirdýralæknir og formaður Fisksjúkdómanefndar), Guðni Magnús Eiríksson (Fiskistofu), Ásthildur Erlingsdóttir (Tilraunastöð H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson (Hafrannsóknarstofnun), Berglind Helga Bergsdóttir og Wija Ariyani (sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun)

## Dagskrá

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsóknar um lyfjameðhöndlun fiski- og laxalúsar.

## Umræða

- Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar vegna fiski- og laxalúsar á eldislaxi með AlphaMax vet (*deltametrin*) í baðlausn fyrir allar 11 kvíar á Eyrarhlíð 1, Dýrafirði. Að umfjöllun lokinni komst Fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu út frá fyrirliggjandi gögnum og núverandi stöðu og þróun að mæla með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.
- Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar vegna fiski- og laxalúsar á eldislaxi með AlphaMax vet og Salmosan (*deltametrin*) í baðlausn fyrir allar 7 kvíarnar í Haukadalsbót, Dýrafirði, þannig að fjórar kvíar verði meðhöndlaðar með AlphaMax og þrjár kvíar með Salmosan. Að umfjöllun lokinni komst Fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu út frá fyrirliggjandi gögnum og núverandi stöðu og þróun að mæla með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11:00